

95

8. des.

L Ö G

um hækkun á bóttum almannatrygginganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bætur samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreytingu sömu laga, skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 13.8% frá 1. júlí 1961, og eins og bæturnar eru þá orðnar, skulu þær enn hækka um 4% frá 1. júní 1962.

2. gr.

Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða hækkun þá á bóttum á árinu 1961, sem um ræðir í 1. gr., til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1961 og sömu hækkun fyrir fyrstu fimm mánuði á árinu 1962 í einu lagi fyrir lok júní-mánaðar það ár.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka bráðabirgðalán, eftir því sem nauðsyn krefur, vegna ákvæða 1. gr. laga þessara og ríkisstjórninni að takast á hendur f. h. ríkissjóðs ábyrgð á slíku láni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.